



# UPH2A05 Undirvagn hemlakerfi.

Námsáætlun, vor 2024

<b>Kennari/kennarar:</b>  Björgvin Guðleissson	<b>Netfang/netföng:</b>  <a href="mailto:bjorgvin.gudleifsson@borgo.is">bjorgvin.gudleifsson@borgo.is</a>
--	---

## Lýsing:

Fjallað er um uppbyggingu og virkni hemlabúnaðar bifreiða og þeim kröftum sem þar verka. Nemendur öðlast skilning á virkni íhluta og kerfinu í heild, einnig hvaða þættir hafa áhrif á hemlagetu. Unnin eru verkefni í ástandsskoðun íhluta / kerfis, hemlamælingu og viðgerðum. Farið er yfir notkum verkfæra, mælitækja og tækniupplýsinga (skoðunarhandbók) með áherslu á öryggi.

**Þekking, leikni, hæfni:** Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Uppbyggingu og virkni hemlabúnaðar
  - Kröfum sem gerðar eru til hemlakerfa
  - Virkni hjálparbúnaðar í hemlakerfum
- Öryggis- og vinnureglum þegar unnið er að þjónustu á hemlabúnaði bifreiða*

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Útskýra virkni / íhluti hemlabúnaðar
  - Ástandsskoða / mæla hemlabúnað
  - Nýta upplýsingar úr viðgerðabókum / skoðunarhandbók
- Fara eftir öryggis- og vinnureglum*

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Lýsa virkni mismunandi hemlabúnaðar bifreiða
  - Ástandsskoða, mæla og sinna viðhaldi á hemlabúnaði
- Nota tækniupplýsingar frá framleiðanda og skoðunarhandbók til að tryggja rétta vinnuaðferð / virkni við þjónustu hemlabúnaðar*

## Námsmat:

Símat. Verkefni sem tengjast hæfniviðmiðum áfangans verða lögð fyrir og metin. Bóklegt 40%, verklegt 40%, þátttaka og virkni 20%. Skila þarf að lágmarki 95% af verkefnum til að standast áfangann.

**Námsgögn:**

Bókin: Automotive Technology verkefni, Efni frá kennara á Innu, Electude kennsluvefur.

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:****Nemandi á að koma með:**

Tölvu

Bók eða rafræna útgáfu bókarinnar:

**Fundamentals of Automotive Technology** (Principles and Practice Second Edition ISBN:978-1-284-10995-5)

Ritföng (blýant, stílabók og strokleður)

Öryggisskó

Vinnufatnað

Einnota hanska

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

Mætingar eru samkvæmt mætingarreglum skólans og er lágmarks viðvera 85% fyrir lotuna. Fyrstu 10 mínútur tíma gefa S í kladda eftir fyrstu 10 mín er gefið F í kladda.

Kennsla fyrir hádegi hefst klukkan 8:10 alla daga nema fimmtudaga en þá hefst kennsla kl 9:15

Kennsla eftir hádegi hefst kl 13:00

Almennt er tekið hlé kl 10:00 fyrir hádegi en kl 14:30

Athugið að fjarvistir eru skráðar strax eftir hlé líka!

Athugið að neysla matvæla er ekki heimil í skólastofu. Notið matsal til að neyta matar.

**Vinnufatnaður sem nemandi þarf að koma með; vínrauður vinnufatnaður frá skólanum merktur „BÍLAR“ skal ávallt vera sýnilegur í námi í verknámshúsi. Öryggisskór, hanskar.**

Vika 1.

Electude og verkefnavinna fyrst og fremst.

Vika 2.

Vinna með lausa íhluti.. Vinna með laus nöf á borðum bæði skála og diskabremsur, mæla upp og meta. Skoða og meta ástand (bremsupróf) á bremsum bifreiða sem á að gera við í viku 3.

Afla varahluta fyrir viku 3.

Vika 3.

Bremsuviðgerðir í bílum nemenda samkv. fyrri skoðun. mat á áfanganum. Verkefnaskil.



Borgarholtsskóli

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*